

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2019  
1911088/0.4.1/dgg


**Efni:** Umsögn Embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum

Embætti landlæknis fagnar áhuga á lýðheilsutengdum forvörnum og minnir á að hlutverk embættisins skv. lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41 frá 2007 er m.a. að efla lýðheilsustarf og annast forvarna- og heilsueflingarverkefni hér á landi.

Embættið bendir á lýðheilsustefnu stjórnvalda frá árinu 2016, sem mikilvægt er að uppfæra til samræmis við heilbrigðisstefnu stjórnvalda til ársins 2030. Flestir þættir þingsályktunartillögunnar koma nú þegar fram í þeirri stefnu og unnið er að í daglegum verkefnum á lýðheilsusviði hjá Embætti landlæknis. Aðgerðaráætlun sem fylgir lýðheilsustefnunni frá 2016 gildir aðeins til ársins 2020 og því er nauðsynlegt að vinna aðgerðaráætlun til ársins 2030.

Embættið leggur til að haldið sé áfram að byggja á þeirri góðu vinnu sem liggur fyrir um lýðheilsutengdar forvarnir.

Virðingarfyllst,



---

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir,  
sviðsstjóri Lýðheilsusviðs

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sent rafrænt á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 3. desember 2019.

## Umsögn um þingsályktunartillögu um Þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum, 309. mál, lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020.

Fræðsla og forvarnir styðja tillögunu og hvetja til þess að hún verði samþykkt en vilja benda sérstaklega á nokkra þætti.

Það er mikilvægt að stefnumörkun í forvörnum og lýðheilsu sé heildstæð, markmiðadrifin og til langs tíma. Til þess að hún verði annað en orðin tóm þarf einnig að fylgja fjármögnun framkvæmdaáætlun og skilgreind ábyrgð og hlutverk þeirra sem að henni koma. Hún þarf að byggjast á gagnreyndri þekkingu og fela í sér reglulega endurskoðun sem byggð er á árangursmati.

Í tillögum lýðheilsunefndar sem skipuð var haustið 2014 eru margar vel grundaðar tillögur sem því miður hafa ekki komið til framkvæmda. Þær standa þó enn fyrir sínu og ramma skýrt inn helstu viðfangsefni lýðheilsu; hreyfingarleysi, áfengisneyslu, reykingar og óheilsusamlegt mataræði.

Við bendum á tilvitnun í grein Janusar Guðlaugssonar (Læknablaðið, 4. tbl. 104. árg.), í greinargerð með þingsályktunartillögunni þar sem segir að „...98% útgjalda til heilbrigðismála fari í að meðhöndla sjúkdóma en tæplega 2% fara í forvarnir.“ Þessi hlutföll eru í algerrí mótstögn við mikilvægi forvarna. Álagi á heilbrigðisþjónustu verður ekki endalaust mætt með auknu fjármagni og uppbyggingu heilbrigðisstofnana til þess að takast á við sjúkdóma og vanheilsu. Þar verða forvarnir að koma til.

FRÆ, Fræðsla og forvarnir leggja sérstaka áherslu á þær tillögur lýðheilsunefndarinnar að heilsusjónarmið verði innleidd í allar stefnur og að komið verði á lýðheilsumati (e. health impact assessment). Með lýðheilsumati er lagt mat á það hver séu líkleg bein og óbein áhrif tiltekinna aðgerða stjórnvalda, eins og lagasetningar og ýmissa stjórnsýsluákvæðana, á lýðheilsu. Mál sem mikilvægt er að varpa slíku ljósi á eru til dæmis tillögur um að auka aðgengi að áfengi og öðrum ávana- og vímuefnum og heimila áróður fyrir áfengisneyslu (áfengisauglýsingar).

Við leggjum áherslu á möguleika og mikilvægi almannaheillasamtaka í lýðheilsu. Angar og áhrif almannaheillasamtaka ná til flestra kima samfélagsins. Þau geta því leikið lykilllutverk í að virkja samfélagið til breytinga.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

*Þekking í þágu forvarna*

Reykjavík 3. desember 2019

**Efni:** Umsögn IOGT á Íslandi um „Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 350 — 309. mál.“<sup>[1]</sup>

### **IOGT á Íslandi styður þessa þingsályktunartillögu eindregið.**

IOGT á Íslandi fagnar því þegar kallað er eftir sérþekkingu fjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum þegar fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu.

### IOGT á Íslandi vill gjarnan eiga fulltrúa í starfshópnum.

IOGT á Íslandi leggur áherslu á að stefnumörkunin sé heildstæð með skýr markmið og til langs tíma. Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk og ábyrgð þeirra sem að stefnunni koma. Mikilvægt er að tryggja fjármagn í málaflokkinn til lengri tíma svo að stefnan verði ekki orðin tóm. Stefnan þarf að byggjast á staðreyndabyggðri og gagnreyndri þekkingu sem hefur reynst vel.

IOGT á Íslandi styður allar tillögur sem styrkja forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Stysta leiðin til að ná árangri í bættri lýðheilsu er að draga úr neyslu áfengis.

IOGT á Íslandi er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi, kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, heildstæð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Áfengis og vímuefnastefna okkar hefur verið sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar.

IOGT á Íslandi vinnur eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.<sup>[2]</sup> IOGT á Íslandi hefur frá stofnun unnið að því líkum markmiðum og telur að stysta leiðin til að ná þeim sé að draga úr neyslu áfengis og annara vímuefna.

### **Fyrir hönd IOGT á Íslandi**

Björn Sævar Einarsson Formaður  
Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=150&mmr=309>

[2] <http://iogt.is/2019/09/11/afengi-og-heimsmarkmid-sjalfbaerrar-throunar/>



Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 2. desember 2019

**Varðar: Tillögu til þingslályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum, 309. mál.**

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar skipan starfshóps um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum. Sambandið vill gjarnan eiga fulltrúa í starfshópnum.

Tekið er undir það að þörf sé á þjóðaráttaki til að stuðla að aukinni heilsuefingu landsmanna. ÍSí telur brýnt að eiga aðkomu að þessu starfshóp. Tækifærin liggja víða til að útfæra nýjar leiðir og nálganir í tengslum við heilsueflandi forvarnir. Það er brýnt að stefnunni fylgi aðgerðaráætlun og fjármagn.

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands er reiðubúið til að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað.

Með kveðju,  
**ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri





Reykjavík 3. desember 2019

**Efni:** Umsögn Núll Prósent hreyfingarinnar um „Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 350 — 309. mál.“ [1]

### **Núll Prósent hreyfingin styður þessa þingsályktunartillögu eindregið.**

Núll Prósent hreyfingin vinnur mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikill stuðningur samfélagsins á flestu í tillögunni. Við fögnum því þegar kallað er eftir sérþekkingu frjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum þegar fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu og erum tilbúin að eiga fulltrúa í starfshópnum

Tillaga þessi er í takti við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna. [2] [3]

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að notkun vímuefna er þáttur í ósmítnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr neyslu vímuefna [4]

Núll Prósent hreyfingin styður allar tillögur sem styrkja forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Stysta leiðin til að ná árangri í bættri lýðheilsu er að draga úr neyslu áfengis.

Tillagan vinnur með heilbrigðisstefnu, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 33 grein Barnasáttmálans stendur: Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. löggjöfina, stjórnun og menntun til að vernda börn frá ólöglegri notkun vímuefna og geðbreytandi efna, eins og þau eru skilgreind í alþjóðlegu samhengi, og að hindra notkun barna í framleiðslu, sölu og meðferð slíkra efna. [5]

Núll Prósent hreyfingin er hluti af IOGT international, stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi, kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, heildstæð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Áfengis og vímuefnastefna okkar hefur verið sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Núll Prósent hreyfingin vinnur eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. [6] Núll Prósent hreyfingin hefur frá stofnun unnið að því líkum markmiðum og telur að stysta leiðin til að ná þeim sé að draga úr neyslu áfengis og annara vímuefna.

### **Fyrir hönd Núll Prósent hreyfingarinnar**

Ástrós Ósk Karlsdóttir Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?lge=150&mmr=309>

[2] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skvrsalur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvorum-desember-2013.pdf>

[3] <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

[4] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>

[5] <https://www.dontlegalizedrugs.com/files/images/pages/Protectionfromdrugs2012.pdf>

[6] <http://ioet.is/2019/09/11/afengi-og-heimsmarkmid-sjalfbaerrar-thronar/>



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. Hildar Edwald

Reykjavík 2. desember 2019

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

1911086SA AGB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum, 309. mál-þingskjal 350.**

Sambandinu barst málið til umsagnar frá velferðarnefnd Alþingis með tölvupósti 12. nóvember sl. Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem fái það verkefni að útfæra stefnu og aðgerðaáætlun um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum. Tillagan samræmist áherslum sambandsins, sbr. umsögn sambandsins um drög að heilbrigðisstefnu til ársins 2030 í bréfi til velferðarnefndar, dags. 12. mars sl., og umsögn til velferðarráðuneytisins um drög að lýðheilsustefnu í bréf dags. 22. desember 2015.

Sambandið gagnrýndi síðastnefndu drögin fyrir skort á heildarsýn þar sem þau tóku eingöngu til barna og ungmenna og gerði einnig athugasemdir við að tillögur byggðust ekki á greiningu á stöðu og úrlausnarefnum í lýðheilsuáttakum og að tillögur um veigamiklar aðgerðir sveitarfélaga voru ekki kostnaðarmetnar.

Í umsögn sinni um drög að heilbrigðisstefnu tilgreindi sambandið að þörf sé á stefnumiði, sem fjalli um ábyrgð fólks á eigin heilsu, heilsuefningu og forvarnir. Það tók einnig fram að virk lýðheilsustefna sé lykill að árangri í viðbrögðum við þeirri gríðarlegu áskorun sem fram undan er samhliða lýðfræðilegri þróun og aukinni þörf fyrir öldrunarþjónustu. Að þessu sögðu er ljóst að sambandið telur að fyrirbyggjandi tillaga sé í grunninn mikilvæg og þörf en það telur jafnframt brýnt að á rétta eftirfarandi:

Í tillögunni eru tilgreind nokkur atriði sem heildstæð lýðheilsuáætlun eigi að fela í sér og hver markmið stefnunnar eigi að vera. Sambandið gerir athugasemd við að ekki sé tekið fram að framtíðarsýn, markmið og mælikvarðar skuli byggjast á mati á stöðu lýðheilsu þjóðarinnar og núverandi forvarnaaðgerðum. Það telur ríka þörf á að meta með heildstæðum hætti stöðuna þannig að stefna og aðgerðaáætlun byggji á traustum grunni. Meðal þess sem þörf er á að skoða er verka- og kostnaðarskipting á milli ríkis og sveitarfélaga í lýðheilsutengdum forvarnamálum. Einnig er þörf á að líta til þess hvernig norræn nágrannalönd, haga þessum málum en þar er hvatning til forvarnastarfs innbyggð í verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Einnig er áhugavert að líta til Skotlands þar sem sveitarfélög vinna að forvarnamálum í gegnum markmiðstengda árangurssamninga við ríkið.

Ljóst er að sveitarfélög eru lykilaðilar í lýðheilsutengdum forvarnamálum. Bæði vegna þess að þau bera ábyrgð á grunnvelferðarþjónustu við íbúa frá vöggju til grafar og eru samstarfs- og stuðningsaðilar við íþróttafélög og önnur frjáls

félagasamtök á hverjum stað. En líka vegna þess að þau eru í nánum tengslum við íbúa vegna lýðræðislegs hlutverks síns og leggja í vaxandi mæli áherslu á samráð og samstarf við íbúa í tengslum við þjónustuverkefni sín. Það hefur líka sýnt sig að sveitarfélögin hafa áhuga á að sinna forvarnamálum. Það kemur m.a. fram í því að 29 sveitarfélög, sem 91% íbúa landsins búa í, hafa skrifað undir samstarfssamning við landlæknisembættið um að verða heilsueflandi samfélög. Sveitarfélögin fá hins vegar engan fjárhagslegan stuðning frá ríkinu til að sinna lýðheilsutengdum forvarnaverkefnum sem er mjög óeðlilegt með tilliti til þess að það er fyrst og fremst ríkið sem nýtur góðs af forvarnaaðgerðum sveitarfélaga í lækkun heilbrigðisútgjalda.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Anna G. Björnsdóttir

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Reykjavík, 3. desember 2019

Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum, 309. mál.

UMFÍ – Ungmennafélag Íslands fagnar því að þingmenn hugi að lýðheilsutengdum forvörnum og að tillaga hafi verið lögð fram á Alþingi þess efnis.

UMFÍ fagnar því að málefni tengd lýðheilsu séu sett í forgrunn og auknar áherslur séu á málaflökkinn, sem þessi tillaga er ein birtingarmynd af. Skynsamlegt er að líta á forvarnir og lýðheilsutengd mál sem ákjósanlegt endamark sem gott er að stefna að. Það er langhlaup sem byggja þarf undir og styrkja til að gera það viðráðanlegt svo allir komist í mark.

Fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að helstu áhættuþættir þjóðarinnar eru hreyfingarleysi, áfengisneysla, reykingar og óheilsusamlegt mataræði. UMFÍ og talsfólk ungmennafélagshreyfingarinnar frá stofnun samtakanna árið 1907 hafa unnið að þessum áhersluatriðum. Stefna og reyndar allt starf UMFÍ miðar að því að veita sem flestum tækifæri til þátttöku, hvetja fólk til að velja ávallt hollari kosti sem í boði er hverju sinni og draga með þeim hætti úr lífsstílstengdum áhættuþáttum.

Þessu til stuðnings má benda á lokaritgerð Erlu Gunnlaugsdóttur frá Háskólanum á Akureyri. Erla fjallar þar um stefnu UMFÍ í forvarnarmálum og greindi verkefni UMFÍ út frá henni. Niðurstaða hennar er sú að forvarnarverkefni UMFÍ er alltumlykjandi í starfi ungmennafélagshreyfingarinnar og stöðugt verkefni. UMFÍ vinni stöðugt að forvörnum en á hverju ári bætast við nýir árgangar ungs fólks sem þurfi að fræða. Forvarnarverkefnið sé því eðlilega endalaust. (Sjá: Erla Gunnlaugsdóttir: Forvarnir gegn áfengi, tóbaki og vímuefnum : forvarnarstefna UMFÍ, verkefni og leiðir (<http://hdl.handle.net/1946/33922>)).

## Lærum af öðrum

UMFÍ á í nánú samstarfi við dönsku félagasamtökin DGI sem líta má á sem systursamtök UMFÍ. Fyrir nokkrum árum ýtti DGI ásamt Íþrótt- og Ólympíusambandi Danmerkur (DIF), átta ráðuneytum og nokkrum fyrirtækjum úr vör samstarfsverkefninu **Bevæg dig for livet** (ísl. Hreyfðu þig út lífið. Sjá: <https://www.bevaegdigforlivet.dk/>). Þetta er sambærilegt átaksverkefni og þingsályktunartillagan mælir fyrir um og er markmið þess að stuðla að því að Danir hreyfi sig hvað mest allra þjóða árið 2025 (mælanlegt markmið), benda fólki á ýmislegt sem hægt er að gera til að hreyfa sig meira, hvernig það getur hugað að heilsu sinni og bætt



hana og hvernig mögulegt er að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Markmiðum verkefnisins er náð með markvissu starfi ungmenna- og íþróttafélaga um alla Danmörku.

Fjármagn er tryggt til verkefnisins nokkur ár í senn, 100 milljónir danskra króna fyrir árin 2015-2018 og 94 milljónir til viðbótar fyrir árin 2018-2021. Eigi verkefni um bættu heilsu íslensku þjóðarinnar að verða að veruleika þarf að tryggja fjárhagslegan grundvöll þess með sambærilegum hætti.

UMFÍ telur nærtækt að nýta þá reynslu sem nágrannaþjóðir okkar hafa aflað sér, byggja á þeim grunni sem er til staðar í samfélaginu, styðja betur við þá stólpa sem starfsemin hvílir á og styrkja möguleikana til samstarfs. Innan UMFÍ eru um 300 þúsund félagsmenn um allt land. Stór hluti landsmanna er því félagi í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi innan UMFÍ. Samstarf aðildarfélaga UMFÍ og UMFÍ við önnur félagasamtök hefur aukist gríðarlega upp á síðkastið.


Það er vænlegt til árangurs að byggja á því og vinna að því að styrkja það frekar í þjóðaráttaki í forvörnum og lýðheilsu.

## Vinum saman

Að öðru leyti fagnar UMFÍ því að þingsályktunartillagan hefur litið dagsins ljós enda ánægjuefni þegar lýðheilsa og forvarnir eru í umræðunni.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Gerum gott starf betra samfélaginu til góða!

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
Framkvæmdastjóri UMFÍ



Reykjavík 3. desember 2019

**Efni:** Umsögn Æskunnar barnahreyfingar um „Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 350 — 309. mál.“<sup>[1]</sup>

**Æskan Barnahreyfing styður þessa þingsályktunartillögu eindregið.**

Æskan barnahreyfing vinnur mikið með almenningi í grasrótarstarfi, þar kemur fram mikill stuðningur samfélagsins á flestu í tillögunni. Við fögnum því þegar kallað er eftir sérþekkingu frjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum þegar fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu og erum tilbúin að eiga fulltrúa í starfshópnum

Tillaga þessi er í takti við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.<sup>[2] [3]</sup>

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að notkun vímuefna er þáttur í ósmítnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr neyslu vímuefna<sup>[4]</sup>

Æskan barnahreyfing styður allar tillögur sem styrkja forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Stysta leiðin til að ná árangri í bættri lýðheilsu er að draga úr neyslu áfengis.

Tillagan vinnur með heilbrigðisstefnu, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 33 grein Barnasáttmálans stendur: Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. löggjöfina, stjórnun og menntun til að vernda börn frá ólöglegri notkun vímuefna og geðbreytandi efna, eins og þau eru skilgreind í alþjóðlegu samhengi, og að hindra notkun barna í framleiðslu, sölu og meðferð slíkra efna.<sup>[5]</sup>

Æskan barnahreyfing er hluti af IOGT international, stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi, kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, heildstæð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Æskan vinnur eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.<sup>[6]</sup> Æskan barnahreyfing hefur frá stofnun unnið að því líkum markmiðum og telur að stysta leiðin til að ná þeim sé að draga úr neyslu áfengis og annara vímuefna.

**Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi**

Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir Formaður  
Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?lte=150&mmr=309>

[2] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[3] <https://www.stiomarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

[4] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-neds/en/>

[5] <https://www.dontlegalizedrugs.com/files/images/pages/Protectionfromdrugs2012.pdf>

[6] <http://iogt.is/2019/09/11/afengi-og-heimsmarkmid-sialfbaerrar-throunar/>